

LAGABREYTINGARTILLAGA

TIL AÐ STYRKJA FORVARNIR OG VIÐBRAGÐSFERLA



SKÁTARNIR

Stjórn BÍS ásamt 6 félagsforingjum leggur til til að við 2. grein um félagsaðild skáta bætist við eftirfarandi málsgrein:

2. GREIN

Hver sem gerist skáti skal vinna skátaheitið, skilja skátalögin og starfa samkvæmt Grunnildum BÍS. Aðild að Bandalagi íslenskra skáta getur verið með eftirfarandi hætti:

Aðild A Skátafélög með starf fyrir - og félag á aldrinum 7-25 ára.

Aðild B Skátafélög sem stunda skátastarf og stuðla að því, með félag sem flestir eru eldri en 26 ára.

Aðild C Hópar skáta sem vilja halda tengslum við BÍS.

Aðild D Skátar með beina aðild að BÍS.

Eftirtalin réttindi og skyldur fylgja ólíkri aðild að BÍS:

Félagsaðild →	A	B	C	D
Þjónusta BÍS	forgangur	já	ef unnt er	ef unnt er
Þátttökuréttur í viðburðum	forgangur	já	ef unnt er	ef unnt er
Atkvæði á Skátapingi	4	1	0	0
Félagsgjald til BÍS	já	já	nei	já

BÍS starfar í tengslum við félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna og öðrum þeim málum sem samræmast Grunnildum BÍS og markmiðum skátahreyfingarinnar.

BÍS er aðili að Æskulýðsvettvangnum og starfar eftir þeim reglum, stefnum og viðbragðsferlum sem Æskulýðsvettvangurinn setur sér að fylgja hverju sinni.

Flutningsmenn:

Anna Gígja Kristjánsdóttir – Félagsforingi Garðbúa

Dagbjört Brynjarsdóttir – Félagsforingi Mosverja

Halldór Valberg – Félagsforingi Svana

Hulda María Valgeirsdóttir – Félagsforingi Landnema

Óskar Þór Þráinsson – Félagsforingi Skjöldunga

Tryggvi Bragason – Félagsforingi Ægisbúa, fráfarandi



Röksemdarfærsla:

Æskulýðsvettvangurinn (ÆEV) er samráðs- og samstarfsvettvangur BÍS, KFUM/K, Landsbjargar og UMFÍ sem hefur verið starfræktur í rúman áratug. ÆEV hefur á þeim tíma unnið ýmis verkefni, t.d. unnið sameiginlega að forvörnum í formi siðareglna, kynferðisbrotastefnu og eineltisstefnu. ÆEV hefur mótað sér sameiginlega viðbragðsáætlun sem er fylgt þegar upp koma agabrot, slys, andlát, kynferðisbrot, ofbeldi og fleiri atvik í starfi. Þar að auki fékk ÆEV styrk til að móta og innleiða fjölmenningsstefnu, hefur opnað netnámskeið um barnavernd, mótað námskeið um hatursorðræðu, tryggt aðildarfélögum aðgang að Verndum þau námskeiðinu og er um þessar mundir að opna nýtt námskeið um samskipti og siðareglur.

Bandalag íslenskra skáta var eitt af stofnfélögum Æskulýðsvettvangsins en þar að auki eru siðareglur og viðbragðsáætlun dagsins í dag byggðar á sambærilegum plöggum sem skátarnir mótuðu og störfuðu eftir áður. BÍS á sæti í stjórn ÆEV, hefur líkt og hin aðildarfélögin 3 atkvæði á aðalfundi og tilnefnið fulltrúa í ráðgjafahóp ÆEV sem vinnur að samstarfsverkefnum hverju sinni. BÍS hefur því haft mikið að segja um þá vinnu sem er unnin af ÆEV í þágu æskulýðssamtaka og þátttakanda þess og mun halda því áfram.

Innan skátahreyfingarinnar á Íslandi ríkti mikill einhugur um stofnun og aðild að Æskulýðsvettvangnum. Árið 2013 var samþykkt á Skátapingi að siðareglur ÆEV yrðu einnig siðareglur BÍS. Viðbragðsáætlunin var upprunalega samin og tekin upp á stigi skátanna og síðan haldið við á vettvangi ÆEV, áætlunin hefur alltaf verið kynnt á Skátapingi þegar hún var uppfærð og var það síðast gert af Kristni Ólafssyni á Skátapingi 2018. Því eru gamlar gildandi aðalfundarsamþykktir til um að skátarnir fylgi þessum plöggum sem mörg átta sig ekki á og því mikilvægt að færa það í lög um félagsaðild að BÍS.

Í siðareglum og viðbragðsáætlun er að finna ákvæði sem aðildarfélög hafa stuðst við til að vísa einstaklingum úr starfi þegar það hefur verið nauðsynlegt. Það er mikilvægt að skátahreyfingin sé sífellt að tryggja meðvitund um siðareglurnar og viðbragðsáætlunina meðal síns starfsfólks og sjálfbóðaliða, en skátahreyfingin hefur verið dugleg við það gegnum árin. Það er jafnframt mikilvægt að festa í lögum BÍS gildi þessara reglna, stefna og áætlana sem við setjum á þessum góða



vettvangi. Þannig er skátahreyfingin enn og aftur til fyrirmyndar í þessum efnum og það er ekkert vafamál að þau tilheyri skilgreindum lagagrunni samtakanna.

Það er fyrirséð að vinna Æskulýðsvettvangsins verði tekin upp á breiðara stigi æskulýðs- og íþróttastarfs með tilkomu nýs samskiptaráðgjafa. Í fyrsta fasa verður það að minnsta kosti viðbragðsáætlunin sem verður sameiginleg stefna, en óvíst er hvort sama muni gilda um siðareglur og aðrar góðar stefnur sem Æskulýðsvettvangurinn hefur hafið að móta vegna þarfar innan aðildarfélaganna. Því er orðalagið opið með þessum hætti því það verður áfram á þessum vettvangi sem aðildarfélögin munu marka stefnu í þessum málum með faglegri ráðgjöf og stuðningi.

